

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Akureyrarkaupstað.

*Breyting á deiliskipulagi Krossaneshaga.*

Bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar hefur þann 3. febrúar 2015 samþykkt deiliskipulagsbreytingu í A-áfanga Krossaneshaga á lóðum við Baldursnes og Njarðarnes.

Breytingin felur í sér að á lóðum nr. 2, 4, 6 og 8 við Baldursnes og 1, 2, 9 og 14 við Njarðarnes, er felld niður kvöð um göngustíg.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

*F.h. Akureyrarkaupstaðar, 6. febrúar 2015,*

**Anna Bragadóttir**, verkefnastjóri skipulagsmála.

---

B-deild – Útgáfud.: 20. febrúar 2015